

FUNDARGERÐ

164. fundar skipulags- og byggingarnefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps

Fundartími: Þriðjudagur 15. september 2009 kl. 17:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn skipulags- og byggingarnefndar. Einnig eru mættir :
Gísli Gíslason skipulagsfulltrúi sem situr fundinn undir liðum 1 og 2 og
Sveinn Pálsson byggingarfulltrúi sem situr fundinn undir liðum 3 og 4.

Ritari fundarins: Helga Ólafsdóttir

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Gerðir fundarins:

1. Aðalskipulag 2009-2025

a. Fundargerð kynningarfundar 10. september 2009.

Kynningarfundur skv. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga var haldinn í Leikskálum 10. september 2009. Á fundinn mættu um 40 manns. Fundargerðin samþykkt.

b. Bréf Jónasar og Rögnu dags. 11. september 2009.

Bréfritarar leggjast gegn því að göngu- og reiðleiðir verði lagðar yfir land Fagradals. Nefndin tekur ekki afstöðu til breytinga á gönguleiðum og reiðleiðum á þessu stigi. Nefndin skoðar málið í heild að auglýsingatíma loknum ef fleiri athugasemdir berast.

c. Bréf Pauls Richardssonar dags. 13. september 2009.

Paul óskar eftir að frístundahúsasvæði verði færð inn á aðalskipulagstillögu í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og fyrri óskir. Nefndi tekur jákvætt undir tillöguna um frístundarbyggða og ferðaþjónustu.

Formaður leggur til að fyrirbyggjandi tillaga að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 verði send Skipulagsstofn til athugunar og síðan auglýst skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Samþykkt með 4 atkvæðum 1situr hjá.

Steinþór leggur fram bókun.

Undirritaður hafnar því að setja inn nýjar veglínur í aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025. Ekki er ásættanlegt að nýtt aðalskipulags verði til þess að engar endurbætur verði á þjóðleiðinni um Mýrdal á komandi árum. Mikilvægt er að strax verði gengið í að lagfæra og byggja upp núverandi leið. Óraunhæfar veglínur í aðalskipulagi tefja þar aðeins fyrir. Samkvæmt Vegagerðinni eru lágmark 10-12 ár í að framkvæmdir gætu hafist við nýjan veg. Einnig að nýr vegur ásamt jarðgöngum sé að lágmarki 3-5 sinnum dýrari en endurbætur á núverandi leið. Þá telur Vegagerðin að hægt sé að endurbæta núverandi veg með vel viðunandi árangri. Vandséð er að hugmynd Vegagerðarinnar um veg ofan Víkur hugnist íbúunum enda myndi vegur ofan þorpsins þrengja að framtíðar vaxtarmöguleikum þess. Vegagerðin hefur einnig lagt fram hugmyndir um endurbætur á núverandi leið í gegnum Vík. Vegur er lífæð hvers samfélags ekki síst hér þar sem allar samgöngur fara um veginn, og hálf samfélagið treystir á tekjur af þeim sem um hann fara. Því er það að mínu áliti mistök að vilja færa veginn framhjá þorpinu einkum ef hægt er að tryggja umferðaröryggi eins og tillögur Vegagerðarinnar stefna að á veginum í gegnum Vík. Tæpast er verjandi að stefna á að taka hlykk á sjóvarnargarðinn með tilheyrandi aukakostnaði og að hækka garðinn verulega með enn meiri kostnaði og til stórra lýta á umhverfi Víkur hvort tveggja til að ná að þrengja veginum milli þorpsins og Víkurfjöru. Nýjar veglínur vestan Reynisfjalls hvort sem þær eru á bökkum Dyrhólaóss eða ofar á mýrunum eru eyðilegging á ásýnd Mýrdalsins. Farið yrði um land sem er nærri eða inn á náttúruminjaskrá og um land sem ætti að vera friðhelgt fyrir jafn miklu raski og vegur milli Reynisfjalls og Geitafjalls yrði, með tilheyrandi tjóni á náttúru og dýralífi

svo og neikvæð áhrif fyrir íbúa og fyrirtæki í Mýrdalnum. Það er búið að taka frá land undir þjóðleiðina um Mýrdal þar sem núverandi vegur liggur. Í meginatriðum er það góð leið og ekki ástæða til að taka meira land undir veg þegar hægt er að bæta núverandi veg með tiltölulega litlum kostnaði þannig að mesti veghalli sé 6-7%. Íbúar í Mýrdal, sumarhúsaeigendur, ferðaþjónusta og önnur fyrirtæki hafa byggt sig upp samkvæmt því að þjóðleiðin um Mýrdal sé þar sem hún er nú. Tillögur meirihluta skipulagsnefndar taka ekkert tillit til þessa, hvað þá að þær taki tillit til náttúru perlunnar og náttúru auðlindarinnar Mýrdals.

Steinþór Vigfússon.

4 af 5 nefndarmönnum ítrekar fyrri bókun skipulags og byggingarnefndar frá 5. mars 2009.

2. Deiliskipulag

a. Sólheimajökull.

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis við Sólheimjökul.

Nefndin mælir með að tillagan verði auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

b. Reynisfjara.

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis við Reynisfjöru.

Nefndin mælir með að tillagan verði auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

3. Austurvegur 20.

Þórir Kjartansson f.h. Víkurþróns sækir um leyfi til að byggja 160 m² viðbyggingu við núverandi hús Víkurþróns. Samþykkt að veita leyfið með því skilyrði að tilskilin gögn berist til Skipulags og byggingarfulltrúa.

4. Grenndarkynning Hjallahverfi

Grenndarkynning skv. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga fór fram með bréfi dags. 23. júlí 2009 sem sent var viðkomandi aðilum. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út 21. ágúst sl. Athugasemdir bárust frá 5 aðilum.

1. Forum lögmenn, bréf dags. 13. ágúst 2009.

- i. *Lagst er gegn því að gefið verði út byggingarleyfi vegna framkvæmda við Austurveg 11d og þess krafist að stöðvaðar verði allar framkvæmdir. Húsið sé nú stærra og öðruvísi staðsett en upphaflegar áætlanir hafi gert ráð fyrir.*

Svar skipulags- og byggingarnefndar:

Þann 4. mars 2008 samþykkti nefndin að gefa út byggingarleyfi vegna endurbyggingar hússins í upphaflegri mynd. Þann 5. mars 2009 samþykkti nefndin að aflokinni grenndarkynningu að gefa út byggingarleyfi fyrir stærra húsi. Nefndin telur að hliðrun hússins um liðlega 4 m til austurs sé eðlileg þar sem hún eykur bil á milli húsa og getur á engan hátt skaðað hagsmuni nágretta og fellst á færsluna.

- ii. *Lagst er gegn áformum um að „breyta 90 cm göngustíg í 2,5 metra breiða innkeyrslu fyrir fasteignareigendur á Austurvegi 11d. Vísað er í slyshættu verði bíl ekið eða bakkað með húsvegg Austurvegar 11c og fyrir hornið.*

Svar skipulags- og byggingarnefndar:

Sveitarstjórn hefur þegar samþykkt að aðkomuleið meðfram húsi 11c verði 2,5 m m.t.t. öryggissjónarmiða.

Nefndin samþykkir að sett verði lokunarslá til að takmarka sem kostur er umferð um aðkomuleiðina.

- iii. *Mótmælt er að taka eigi hluta af lóðinni Kirkjuvegi 3 undir innkeyrslu og bílastæði fyrir eigendur Austurvegar 11d.*

Svar skipulags- og byggingarnefndar:

Lóðamörk eru óljós á svæðinu og er einn tilgangur grenndarkynningarinnar sá að skilgreina mörkin. Lóðarheimild eiganda Kirkjuvegur 3 er afsal sem tilgreinir 1125 m² lóð. Í grenndarkynningunni er gert ráð fyrir að lóðin verði 1200 m² eins og upphaflegur samningur gerir ráð fyrir. Tillagan sem kynnt er í grenndarkynningunni gengur út á að fjölga bílastæðum á svæðinu í allra þágu, þar með eigenda Austurvegar 11d en einnig annarra lóðarhafa sem búa við takmarkað aðgengi að lóðum sínum. Áður hefur verið fjallað um aðkomuleið að Austurvegi 11d.

- iv. *Talið er að mikið ónæði muni hljótast af ef ákveðið verður að hleypa bílaumferð að fasteigninni Austurvegur 11d.*

Svar skipulags- og byggingarnefndar:

Umrædd aðkomuleið er í um 6 m fjarlægð frá húsinu að Kirkjuvegi 3. Benda skal á að hús hefur staðið í áratugi á lóðinni Austurvegur 11d og að sjáafsögðu hefur fylgt því einhver umferð.

- v. *Bent er á að 2,5m breið aðkomuleið að Austurvegi 11d samræmist ekki ákvæðum byggingarreglugerðar þar sem kveðið er á um 3m breiða aðkomu.*

Svar skipulags- og byggingarnefndar:

Þetta er réttmæt ábending en nefndin telur öryggissjónarmiðum fullnægt með 2,5m breiðri aðkomu þar sem ljóst sé að stórir slökkviliðsbílar muni ekki fara nær en þetta. Er þannig komið til móts við sjónarmið lóðarhafa Kirkjuvegur 3 eins og kostur er en jafnframt mögulegt að fara með sjúkrafreið um aðkomuleiðina og slökkviliðsmenn geta athafnað sig með slöngur og annan búnað.

- vi. *Því er haldið fram ekki liggi fyrir gilt byggingarleyfi fyrir framkvæmdunum að Austurvegi 11d.*

Svar skipulags- og byggingarnefndar:

Nefndin samþykkti að gefa út byggingarleyfi 5. mars 2009. Sveitarstjórn staðfesti fundargerð nefndarinnar 18. mars 2009. Byggingarleyfi var gefið út 20. mars 2009.

- vii. *Átalín er stjórnarsýsla sveitarstjórnar Mýrdalshrepps þar sem grenndarkynning sú er hér er fjallað um hafi verið sett af stað eftir að lóðarhafi Kirkjuvegur 3 hafi kært til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.*

Svar skipulags- og byggingarnefndar:

Nefndin ákvað á fundi sínum 13. maí 2009 að setja af stað grenndarkynningu vegna lóðarmarka í Hjallahverfi og staðsetningu húss á lóðinni Austurvegur 11d. Sveitarstjórn staðfesti fundargerðina 26. maí 2009. Grenndarkynningin var kynnt með bréfi dags. 23. júlí 2009. Mýrdalshreppi var fyrst kunnugt um kærana þegar bréf barst frá Úrskurðarnefndinni dagsett 29. júlí 2009.

Meint vanhæfi sveitarstjórnarmanna er ekki í verkahring skipulags- og byggingarnefndar.

2. Ólafur Jónsson, bréf dags. 9. ágúst 2009.

Ólafur telur að gatan Kirkjuvegur sé svo mjó að húsi hans nr. 2 við Kirkjuveg geti stafað hætta af fyrirhuguðum bílastæðum. Hann telur nauðsynlegt að setja upp öryggisrið eða að ekið verði í bílastæðin skáhallt neðan frá og stæðin þá merkt þannig.

Svar skipulags- og byggingarnefndar:

Nefndin tekur undir sjónarmið Ólafs og felur skipulags- og byggingarfulltrúa nánari útfærslu.

3. Símon Gunnarsson – uppdráttur.

Símon gerir smávægilegar athugasemdir við NA mörk lóðar sinnar.

Svar skipulags- og byggingarnefndar:

Nefndin tekur undir sjónarmið Símonar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa nánari útfærslu.

4. Emil Ragnarsson – bréf dags. 15. ágúst 2009.

a. *Óskað er eftir að lóðin Austurvegur 11 verði rýmkuð til suðurs til að bæta aðkomu að kjallara.*

Svar skipulags- og byggingarnefndar:

Nefndin tekur undir sjónarmið Emils og felur skipulags- og byggingarfulltrúa nánari

útfærslu, hugsanlega með makaskiptum á landi.

b. *Annmarkar eru taldir á staðsetningu upplýsingaskiltis.*

Svar skipulags- og byggingarnefndar:

Skiltið kemur á sama stað og núverandi skilti. Kynnt eru áform um annað útlit og snyrtingu á umhverfi.

c. *Spurst er fyrir um hvaða lóð tilgreind bílastæði tilheyrir.*

Svar: Austurvegi 11a

d. *Óskað er eftir að gert verði ráð fyrir bílskúr á lóðinni.*

Svar skipulags- og byggingarnefndar:

Nefndin telur enga möguleika að reisa bílskúr á lóðinni. Hins vegar þarf að skilgreina bílastæði á lóðinni og er skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gera tillögu.

5. Guðmundur Sigurjónsson – bréf dags. 18. ágúst 2009.

Guðmundur leggst gegn tillögu um nýtt bílastæði við Kirkjuveg þar sem ekki hafi komið fram rök fyrir áformunum, staðsetning sé óheppileg vegna þröngrar aðkomu og vegahalla og að aukið ónæði stafi af vegna aukinnar umferðar.

Svar skipulags- og byggingarnefndar:

Tillaga með nýjum bílastæðum kemur fram vegna þrengsla í Hjallahverfi og er ekki ný.

Viðræður fóru fram milli Mýrdalshrepps og lóðarhafa Kirkjuveg 3 laust fyrir aldamót en var ekki lokið. Ekki hafa komið fram aðrar hugmyndir og nefndin telur ólíklegt að ónæði verði af fyrir nágretta.

Nefndin samþykkir færslu hússins að Austurvegi 11d samkvæmt grenndarkynningunni, breytingar á skilti og umhverfi þess við Austurveg og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka afmörkun lóða í samræmi við fyrirbyggjandi gögn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 22.00

Helga Ólafsdóttir

Páll Tómasson
Formaður

Steinþór Vigfússon

Karl Pálmason

Þráinn Sigurðsson

Sveinn Pálsson

Gísli Gíslason